



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 593

Byggingarsamvinnufélagið Aðalból

Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 593

Byggingarsamvinnufélagið Aðalból

Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni.

Félagið hét fyrst Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni (B.S.A.B.).

Í stofnfundargerð byggingarsamvinnufélagsins segir: „Tildrög fundarins voru þau að á stjórnarfundum hjá stjórn Hreyfils s/f sem haldinn var 8. febrúar 1947 var samþykkt að athuga möguleika á stofnun byggingarsamvinnufélags innan félagsins og framkvæmdastjóra falið að annast undirbúning stofnfundarins. Stofnfundurinn var haldinn á Kaffi Höll 27. febrúar 1947 og voru stofnfélagar 45. Í fyrstu stjórn voru kosnir þeir Tryggvi Kristjánsson formaður, Ingvar Sigurðsson gjaldkeri, Sófus Bender ritari, Ingjaldur Ísaksson og Jón Jóhannsson meðstjórnendur“

Tilgangur félagsins var að: „Reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína í samræmi við ákvæði laga um byggingarsamvinnufélög, að safna eignarframlögum félagsmanna og að reka lánastarfsemi“. Félagið byggði meðal annars fjölbýlishús við Fellsmúla, Engjasel og Kóngsbakka í Reykjavík. Á 30 ára afmæli félagsins, 1977, var nafni þess breytt í Byggingarsamvinnufélagið Aðalból.

Á félagsfundum 13. maí 2013 var samþykkt að slíta félaginu og fimm menn kosnir í slitastjórn. (Heimildir: Samþykkt félagsins og fundargerðabækur og *Alþýðublaðið* 1. febrúar 1977, bls. 14).

Afhending: Sigfús Gunnarsson, sem var ritari félagsins, færði Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Byggingarsamvinnufélagsins Aðalbóls, 12. september 2016.

Innihald: Fundargerðabækur, félagatal, dagbók gjaldkera o.fl.

Tími: 1947-2013.

Magn: 3 öskjur og ein bók.

Listi yfir bækurnar fylgdi með safninu og er hann settur fremst í öskju nr. 1.

Sjá einnig einkaskjalasafn E-511, Samvinnufélagið Hreyfill.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn, fundargerðabækur, 1947-2013.

Fundargerðabók, aðal- og félagsfundir, 27. febrúar 1947, stofnfundargerð, til 13. maí 2013
Aftast í bókinni eru bókanir, tillögur, mætingarlisti o.fl., líklega frá aðalfundi 1987.

Fundargerðabók, stjórnarfundir, 4. mars 1947 til 12. mars 1972.

Fundargerðabók, stjórnarfundir, 19. maí 1972 til 11. nóvember 1975.

Askja 2

Bréfa- og málasafn, fundargerðabækur, 1971-2013.

Fundargerðabók, stjórnarfundir, 24. nóvember 1975 til 7. febrúar 1981.

Fundargerðabók, stjórnarfundir, 30. ágúst 1988 til 19. mars 2013. Aftarlega í bókinni er stutt fundargerð frá 17. mars 2011.

Fundargerðabók almennu deildarinnar innan B.S.A.B., 9. nóvember 1971 stofnfundargerð, til 29. ágúst 2011. Fremst í bókinni er rekstrar- og efnahagsreikningur frá 31. desember 1979.

Félagsskrá B.S.A.B. (bók), ? til 15. maí 1979.

Askja 3

Bréfa- og málasafn, fundargerðabækur 1948-1966.

Stofnsjóðseign félagsmanna (bók), 1954 til 1. janúar 1966.

Viðskiptareikningar byggjenda (bók), 9. maí 1948 til 1. janúar 1966.

Viðskiptareikningur byggjenda (bók), 1. janúar 1960 til janúar 1965.

Askja 4

Bréfa- og málasafn, dagbók, 1948-1965.

Dagbók gjaldkera, 1. janúar 1948 til 31. desember 1965.

Skráð í september 2016
Gréta Björg Sörensdóttir